

rétti Reykjavíkur 15. nóvember 1965, væri fallið niður, að því er varðar kr. 250.000.00.

Lögmenn lýstu því síðan yfir, að þeir óskuðu þess, að málið yrði fellt niður.

Málið var fellt niður.

Föstudaginn 10. apríl 1970.

Nr. 63/1970. **Kristján Sigurðsson**
 gegn
Hafsteini Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 26. febrúar 1970, sem barst Hæstarétti 20. marz 1970, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., g. laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, en sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn hinn 18. febrúar 1970. Krefst hann þess, að krafa varnaraðilja um, að sóknaraðili setji tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar verði ekki tekin til greina. Til vara krefst sóknaraðili þess, „að tryggingarfjárhæðin verði stórlega lækkuð og frestur til framboðs tryggingar verði tiltekinn eigi skemmri en þrjú mánuðir, talinn frá dómsuppsögn Hæstaréttar, enda verði“ honum „heimilað að velja milli annarra tegunda trygginga auk þeirra, er í úrskurðinum greinir, svo sem veðs eða ábyrgðar einkaaðila eða honum heimilað að leggja fram samþykktan vixil“. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja við rekstur þessa þáttar málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 5.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Kristján Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Hafsteini Guðmundssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómpings Gullbringu- og Kjósarsýslu

12. febrúar 1970.

Mál þetta hefur Kristján Sigurðsson, nú til heimilis að Niagara Falls, Ontario, Kanada, en áður til heimilis að Laugavegi 31 í Reykjavík, höfðað með sáttakæru, birtri 1. október 1969, á hendur Hafsteini Guðmundssyni prestsmiðjustjóra, Lindarbraut 1 A, Seltjarnarneshreppi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 710.788.70 með 1% vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 509.228.00 frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og af kr. 148.826.70 frá birtingu sáttakæru til greiðsludags auk málf lutningsþóknunar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Í þessum þætti málsins krefst stefndi þess, að stefnanda verði gert að setja tryggingu að fjárhæð samkvæmt mati dómsins fyrir greiðslu málskostnaðar innan þess tíma, sem dómarrinn tiltekur, en ef hann gerir það ekki, verði málinu vísað frá dómi.

Af hálfu stefnda er kröfum stefnanda mótmælt og krafizt málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málavextir eru þeir í stórum dráttum, að á árinu 1966 tók stefnandi að sér að safna áskriftum að bókum, sem stefndi gaf út. Starfaði stefnandi að þessu verki í þágu stefnda þar til síðla árs 1968. Telur stefnandi, að hann eigi hjá stefnda vangreidd sölulaun að fjárhæð kr. 561.962.00, bætur fyrir fyrirvaralausar uppsögn, að fjárhæð kr. 116.287.00, útlagðan kostnað við að setja auglýsingaskilti á bifreið og skrifstofhús, kr. 29.739.70, og kostnað við endurskoðun löggilts endurskoðanda á gögnum þeim, er hann byggir kröfu sína í fyrsta lið á, kr. 2.800.00. Samtals nema fjárhæðir þessar stefnufjárhæðinni.

Stefndi telur sig hafa greitt stefnanda sölulaun hans að fullu og telur stefnanda skulda sér kr. 91.161.90 vegna skipta þeirra. Stefndi synjar fyrir að hafa sagt upp samningi aðiljanna án fyrirvara. Hann telur stefnanda hafa sjálfan átt að standa straum af kostnaði sínum við sölustarfið og telur kostnað við endurskoðun sér óviðkomandi.

Meginágreiningur aðiljanna virðist vera um það, hvort stefnandi hafi átt að fá sölulaun af öllum bókum, sem honum tókst að semja um sölu á, eða aðeins af þeim bókum, sem sölusamningar urðu virkir um.

Við þingfestingu málsins, 13. október 1969, var stefnandi búsettur hér á landi, en fluttist síðan búferlum til Kanada. Málflutningsumboðsmaður stefnanda skýrði frá brottflutningi stefnanda á dómþingi 20. janúar 1970. Gerði stefndi þá þegar kröfur þær, sem eru efni úrskurðarins. Var atriðið tekið til úrskurðar 22. janúar 1970.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi byggir kröfu sína á ákvæði 1. mgr. 183. gr. laga nr. 85 frá 1936, en greinin hljóðar svo:

„Nú höfðar maður erlendis búsettur mál fyrir íslenskum dómi, og getur þá stefndur gert þá kröfu á þingfestingardeg, að stefnandi setji þá tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar innan ákveðins tíma, sem dómari tiltekur. Ef hann gerir það ekki, skal vísa máli frá dómi.

Ef menn búsettir á Íslandi eru undanþegnir því að setja sams konar tryggingu í landi stefnanda, skal hann einnig vera undanþeginn því hér á landi“.

Af hálfu stefnda er það að vísu viðurkennt, að ákvæði greinarinnar eigi ekki við samkvæmt orðanna hljóðan, þar sem stefnandi var búsettur hér á landi, þegar málið var höfðað. Því er hins vegar haldið fram, að með lögskýringu nái ákvæði greinarinnar yfir það tilvik, sem hér er til úrskurðar, ómögulegt hafi verið að gera þessa kröfu við þingfestingu málsins, þar sem þá hafi stefnandi verið búsettur hér. Með því að krafan hafi verið gerð strax og tilefni gafst til, sé krafan nægilega snemma fram komin. Að öðru leyti er á því byggt, að aðstöðu þeirri, sem hér er lýst, verði öldungis jafnað við atvik þau, sem nefnd eru í ákvæðinu.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ákvæði 183. gr. einkamálaganna sé undantekningarákvæði, sem beri að skýra þröngt. Stefndi hafi verið búsettur hér á landi, þegar málið var höfðað og þingfest. Ákvæðið eigi því ekki við hann, enda sé stefnandi

íslenzkur þegn. Er því haldið fram, að ákvæðið eigi aðeins við erlenda menn, og vitnað um það til athugasemda við greinina í greinargerð, sem fylgdi lagafrumvarpinu.

Til vara hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að stefndi hafi fyrirgert rétti sínum til málskostnaðar úr hendi stefnanda með því að láta undir höfuð leggjast að mæta á sáttafundi fyrir sáttanefnd, sbr. 9. og 12. gr. og 4. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Loks hefur stefnandi vitnað til þess ákvæðis 178 gr. laganna, að ef veruleg vafaatriði séu í máli, geti dómari skipt málskostnaði milli aðilja eða látið hann falla niður með öllu. Ályktun stefnanda er þannig í fyrsta lagi, að stefnanda beri ekki að setja tryggingu fyrir málskostnaði stefnda, og í öðru lagi, að jafnvel þótt dómurinn komist að gagnstæðri niðurstöðu, beri að taka tillit til þess, að litlar líkur séu á, að stefnda yrði dæmdur fullur málskostnaður, þótt hann ynni málið.

Er það talið jafngilda því, að stefnandi, sem er íslenzkur ríkisborgari, væri sviptur réttarvernd, ef honum yrði gert að setja málskostnaðartryggingu, þar sem hann muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að setja tryggingu í samræmi við ákvæði hámarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands, en því er sérstaklega haldið fram, að ekki beri að miða tryggingu við ákvæði gjaldskrárinnar, þar sem hún yrði þá óhæfilega há.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi ekki getað mætt á sáttafundi, þar sem lögleg forföll hafi bannað, hafi hann verið staddur norður í landi vegna andláts tengdaföður síns.

Vitnað er í 4. gr. laga nr. 61 frá 1942 um málflytningarmenn, þar sem segir, að ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra sæki dómþing fyrir aðilja, skuli hann talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað. Er ákvæði þetta einnig talið eiga við sáttafund með sáttamönnum.

Ágreiningslaust er, að Jóhann Ragnarsson hæstaréttarlögmaður sótti sáttafund fyrir stefnda.

Kröfu sína um málskostnað í þessum þætti málsins styður stefnandi við ákvæði 1. mgr. 177. gr. og 2. tl. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Álit réttarins.

Samkvæmt orðanna hljóðan á ákvæði 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 ekki við um það tilvik, sem er ágreiningsefni þessa úrskurðar. Ákvæði þetta er undantekningarákvæði, sem almennt þer að skýra þröngt. Það girðir þó ekki fyrir, að beitt verði lögjöfnun.

Það er höfuðtilgangur ákvæðisins að tryggja, að varnaraðili í dómsmáli, sem lýkur með sýknu, hafi tryggingu fyrir því, að málskostnaður, sem honum kann að verða tildæmdur úr hendi sóknaraðilja, sem búsettur er erlendis, fáist greiddur, án þess að hann þurfi að lögsækja skuldarann fyrir erlendum dómstóli. Áherzlan liggur á þeirri aðstöðu, sem upp kemur, þegar málinu lýkur, en sú aðstaða er öldungis hin sama, hvort sem stefnandi er búsettur erlendis, þegar mál er höfðað, eða flytur af landi brott, eftir að mál er höfðað.

Í ákvæðinu er augljóslega miðað við búsetu, en ekki ríkisfang.

Ekki er vitað til, að menn búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í Kanada. Undanþága 2 mgr. 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 kemur hér því ekki til greina.

Ekki verður á þessu stigi málsins tekin afstaða til þess, hvort stefndi hafi fyrirgert hugsanlegum rétti til málskostnaðar úr hendi stefnanda með broti á sáttalöggjöfinni.

Samkvæmt framansögðu ber stefnanda þannig að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda.

Með hliðsjón af stefnufjárhæðinni og líkum um kostnað, sem stefndi mun hafa af rekstri málsins héðan í frá, þykir fjárhæð tryggingarinnar hóflega ákveðin kr. 96.000.00.

Rétt þykir, að tryggingin sé sett í formi bankaábyrgðar eða með því að leggja fjárhæðina inn á sparisjóðsreikning og afhenda í réttinum sparisjóðsbók sem skilríki fyrir innstæðunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðarins. Málskostnaður í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu.

Úrskurð þennan kvað upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns.

Úrskurðarorð:

Stefnandi, Kristján Sigurðsson, setji 96.000.00 króna tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar stefnda, Hafsteins Guðmundssonar, í formi bankaábyrgðar eða sparisjóðsbókar innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Málskostnaður í þessum þætti málsins bíður endanlegs dóms í málinu.